



Beiðni um dreifingu fjármagnstekna

Skilyrði er að tekjurnar hafi verið leystar út í einu lagi og hafi fallið til frá og með 1. janúar 2007.

1. Nafn		2. Kennitala
3. Heimilisfang	4. Póstnúmer	5. Staður
6. Heimasími / GSM	7. Netfang	8. Hjúskaparstaða
9. Nafn maka / sambýlisaðila		10. Kennitala

Upplýsingar um þær tekjur sem dreifa á:

11. Fjárhæð fjármagnstekna:	kr.
12. Ár sem tekjurnar féllu til:	20
(Einungis er heimilt að dreifa tekjum sem hafa fallið 1. janúar 2007 eða síðar).	
13. Fjárhæð sem á að dreifa:	kr.
14. Yfir hvaða tímabil á að dreifa tekjunum?	
• Dreifing tekna verður að hefjast á því ári sem þær féllu til og má að hámarki dreifa í 10 ár. • Dreifing getur ekki náð yfir lengra tímabil en sem nemur gildistíma örorkumats hjá örorkulífeyrisþegum (undantekning ef örorkumat rennur út við 67 ára aldur).	
Á aðeins við um örorkulífeyrisþega:	
15. Hvenær rennur örorkumat út?	

Staður og dagsetning	
-----	-----
Undirskrift umsækjanda	Undirskrift maka (ef við á)

Tryggingastofnun

Hlíðasmára 11 Sími: 560 4400
201 Kópavogi tr.is



Sérregla um eigin tekjur lífeyrisþega sem stafa af fjármagnstekjum

- Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ósk elli- eða örorkulífeyrisþega að dreifa eigin tekjum lífeyrisþegans sem stafa af fjármagnstekjum á allt að 10 ár.
- Skilyrði er að tekjurnar hafi verið leystar út í einu lagi og hafi fallið til frá og með 1. janúar 2007.
- Heimilt er að dreifa tekjum skv. 1. mgr. einu sinni á hverju tímabili og skal dreifing teknanna vera jöfn fyrir öll þau ár sem dreift er á. Þó getur lífeyrisþegi ákveðið að einungis hluta teknanna verði dreift, t.d. að helmingur verði á því ári sem tekjurnar tilheyra og afgangi síðan dreift á tiltekinn árafjölda, allt að níu ár.
- Lífeyrisþega er heimilt að breyta árafjölda sem dreift er á eftir að dreifing er hafin. Þá er heimilt að láta allar eftirstöðvar tekna sem dreift hefur verið falla á yfirstandandi ár og ljúka þar með dreifingunni á því ári.
- Ekki er heimilt að ákveða afturvirkkt að ljúka dreifingu á síðasta ári svo hægt verði að hefja nýja dreifingu vegna yfirstandandi árs.
- Ef um hjón er að ræða sem bæði eru lífeyrisþegar verða bæði að óska eftir dreifingu fjármagnstekna og dreifast tekjurnar eins hjá báðum.
- Ef um örorkulífeyrisþega er að ræða er einungis heimilt að dreifa tekjum á það tímabil sem örorkumat hans varir.
- Þegar lífeyrisgreiðslur falla niður vegna dvalar á sjúkrahúsi eða vistunar á dvalar- eða hjúkrunarheimili fellur dreifingin niður og jafnframt myndast ekki heimild hjá Tryggingastofnun ríkisins til endurkröfu. Hið sama gildir ef lífeyrisþegi andast.
- Tekjur sem dreift er samkvæmt grein þessari skulu taka breytingum árlega samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Úr reglugerð nr. 939/2003 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins, með síðari breytingum.